

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/1100
komudagur 24.2.2004



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík 23. febrúar 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögunum

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar, 163. mál, þar sem lagt er til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ár.

Samtökin eru þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að færa aldursmörk niður í 18 ár til kaupa á áfengi. Það veldur víða vandkvæðum á veitingahúsum að ekki sé samræmi milli þeirra aldursmarka að fá aðgang að veitingastað og að kaupa áfengi. Það þarf að horfast í augu við þá staðreynd að stórir hópar fólks á aldrinum 18-20 ára neyta áfengis. Það hefur oft verið bent á að útilokað er fyrir starfsfólk skemmtistaða að fylgjast með því hvort verið sé að kaupa áfengi fyrir gesti sem staddir eru í húsinu en eru innan við 20 ára aldurinn. Sá vandi leysist ekki nema 18 ára og eldri fái leyfi til þess að kaupa allar tegundir áfengis.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri